

FUNDARGERÐ

123. fundar skólanefndar Mýrdalshrepps, haldinn á skrifstofu Mýrdalshrepps, þriðjudaginn 21. júní 2005 kl. 17:00.

Fundinn sátu undirritaðir aðalmenn skólanefndar ásamt Kristínu Einarsdóttur sem mætir í stað Ragnheiðar Högnadóttur sem boðar forföll. Sveitarstjóri ritaði fundargerð á tölvu. Formaður, Þorgerður Einarsdóttir setti fund og stjórnaði.

Gerðir fundarins:

I. Grunnskólinn

Á fundinn er mætt Margrét Birgisdóttir fulltrúi foreldra.

1. Skólanámskrá.

Foreldraráð hefur fjallað um skólanámsskrána og samþykkir hana fyrir sitt leyti. Skólanefnd samþykkir skólanámsskrána.

2. Bréf FSU dags. 16.06.2005

Með bréfinu kynnir skólinn þjónustu sína varðandi fjarkennslu fyrir 10 b. nema á nokkrum áföngum á framhaldsskólastigi hafi þeir lokið grunnskólaprófi í viðkomandi grein. Lagt fram til kynningar.

3. Önnur mál

- a) Bréf menntamálaráðuneytis dags. 31. maí 2005.
Lagt fram til kynningar.

Margrét yfirgefur fundinn.

II. Tónskólinn

Á fundinn er mætt Kristín Waage tónskólastjóri.

1. Önnur mál.

- a) Greinargerð um fjármál Tónskóla Mýrdælinga 1998-2005

Greinargerð tónskólastjóra lögð fram til kynningar.
Skólanefnd óskar eftir að sveitarstjórn taki greinargerðina til umfjöllunar.

- b) Samkomulag um fyrirkomulag og kostnaðarskiptingu vegna tónlistarnáms á framhaldsskólastigi

Fyrir liggur samkomulag milli menntamálaráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga.
Lagt fram til kynningar.

Kristín yfirgefur fundinn.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl: 18:15.

Sigrún Guðmundsdóttir

Þorgerður Einarsdóttir
Formaður

Bergþóra Ástþórsdóttir

Kristín Einarsdóttir

Andrína Erlingsdóttir